

**Ed.**

## **551. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur samkvæmt lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Á árinu 1941 er ríkisstjórninni heimilt, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur ríkissjóðs bregðast verulega frá því, sem fjárlög gera ráð fyrir:

1. Að fella niður greiðslu á 35% af framlögum ríkissjóðs, samkvæmt fjárlögum, til:
  - a. Byggingarsjóðs, sbr. II. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnáamssjóð.
  - b. Endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum, sbr. III. kafla sömu laga.
2. Að miða framlag ríkissjóðs til byggingarsjóða, samkv. 3. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, við kr. 1,30 fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kaupsþúns, gegn jafnháu framlagi bæjar- og sveitarsjóða, og að lækka fjárveitinguna samkv. fjárlögum í hlutfalli við það.
3. Að láta tekjuauka þann, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, er gilda fyrir árið 1941, renna beint í ríkissjóð og að láta tekjuauka þann, sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 3. gr. nefndra laga, einnig renna beint í ríkissjóð.
4. Að láta gjald í fiskimálasjóð samkv. 2. lið 13. gr. laga nr. 75 31. des. 1937 renna beint í ríkissjóð.
5. Að fella niður 35% af framlagi ríkissjóðs til lífeyrissjóðs Íslands, samkv. 78. gr. alþýðutryggingarlaga, nr. 74 31. des. 1937.
6. Að lækka verðlagsuppbót til embættis- og starfsmanna ríkisins samkv. lögum um 35%.

### **2. gr.**

Heimildir þær, sem gefnar eru í 1. gr. laga þessara, er skylt, ef til kemur, að nota hlutfallslega jafnt til niðurfærslu þeirra útgjalda ríkissjóðs, er þær ná til, enda sæti þá sömu hlutfallstölu niðurfærsla á gjöldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1941.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1941.